

Lúðvík S. Georgs.
83/05



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

JARÐHITAATHUGUN í HÍTARDAL Á MÝRUM

Lúðvík S. Georgsson
Guðmundur I. Haraldsson

LSG-GIH-81/05

Desember 1981



ORKUSTOFNUN
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

GREINARGERÐ

JARÐHITAATHUGUN í HÍTARDAL Á MÝRUM

Lúðvík S. Georgsson

Guðmundur I. Haraldsson

LSG-GIH-81/05

Desember 1981

1 INNGANGUR

í bréfi frá 22. mars 1981 óskaði Veiðifélag Hítarár og Stangveiðifélagið Grettistak eftir því við jarðhitadeild, "að gerðar verði frumrannsóknir nú í vor á jarðhitamöguleikum í Hítardal á Mýrum til að staðsetja líklegasta borholustæði í tilraunaskyni". Einnig var bent á two staði, við Staðarhraun og við upptök Tálma, sem ákjósanlegir þykja fyrir laxeldisstöð, ef jarðhiti fyndist þar nálægt.

í júlí 1981 voru gerðar viðnámsmælingar og könnuð jarðfræði í sunnanverðum Hítardal. Jarðfræði fjallanna vestan við dalinn er vel þekkt en Kristín Vala Ragnarsdóttir (1979) kortlagði þau sumarið 1977 sem prófverkefni í jarðfræði við Háskóla Íslands. Ekki er vitað um neinn jarðhita í Hítardal og var því ekki út frá neinu vísu að ganga við þessar athuganir.

í þessari greinargerð er sagt frá þeim niðurstöðum sem fengust við jarðhitaleitina síðastliðið summar.

2 JARDFRÆÐI

Berggrunnurinn í sunnanverðum Hítardal er úr tertierum hraunlögum og er talinn vera 9-10 milljón ára gamall (Kristín Vala Ragnarsdóttir 1979). Syðst í dalnum hallar hraunlögunum 10° - 15° til norðvesturs. Bergið er tölувert holufyllt og því mjög þétt. Mjög mikið er af misgengjum og brotum í Hítardal sunnanverðum og má skipta þeim í þrjá flokka NA-SV, N-S og NV-SA brot. Þau brot og misgengi sem tilheyra NA-SV og N-S flokkunum mynduðust í spennusviði sem ríkti þegar jarðlagastaflinn varð til og eru þau öll eldri en 8 milljón ára (Kristín Vala Ragnarsdóttir 1979). NV-SA brotin tilheyra svökölлуðu Snæfellsnesbrotabelti sem liggur frá Kerlingarskarði austur í mynni Borgarfjarðardala. Þetta brotakerfi var mjög virkt á tíma-bilinu frá 8 til 4,5 milljón árum (Haukur Jóhannesson 1980), en ennþá verða þó breytingar á misgengjum sem tilheyra Snæfellsnesbrotabeltinu. Síðast urðu þær í jarðskjálftunum í þverárhlið vorið 1974 (Páll Einarsson o.fl. 1977).

Gamall og þéttur berggrunnur eins og í Hítardal er ekki vel til þess fallinn að léiða vatn. Það getur þó streymt um brot eða misgengi ef þau eru opin. Í Hítardal eru þau flest ef ekki öll þétt af holufyllingum. Hugsanlegt er þó að hreyfing hafi orðið "nýlega" á einhverjum af NV-SA brotunum og væru þar þá sprungur sem gætu leitt vatn.

Jarðfræðiathugunin sem gerð var síðastliðið sumar fólst einkum í því að reyna að finna brot og þá einkum NV-SA brot sem hefðu hreyfst á nútíma (s.l. 10. þús. ár). Kannaðir voru múlarnir austan við dalinn sunnanverðan og láglendið sunnan frá Mel og inn að Hítardal. Ekki fannst neitt brot sem sjáanlega hefur hreyfst á nútíma. Hins vegar er mjög mikið af NV-SA brotum og sjást nokkur þeirra m.a. í Svarfhólmumúla. Eitt þeirra er rétt vestan við Staðarhraunsbæinn og gæti það vel verið eitt brotanna úr Svarfhólmulanum. Staðarhraunsölkelda er í beinu framhaldi af misgenginu norðvestan við Staðarhraunsbæinn. Er allt eins líklegt að ölkeldan komi upp á misgenginu og er brotið þá ekki alveg þétt.

3 VIÐNÁMSMÆLINGAR

Með viðnámsmælingum er mælt eðlisviðnám bergs, en það er einkum háð hitastigi, holrými (poruhluta) og seltu jarðvatnsins. Eðlisviðnám bergs sem er mettað vökva fer lækkandi með:

1. Hækkandi hitastigi.
2. Auknu holrými (vatnsinnihaldi).
3. Auknu seltumagni jarðvatns.

Við aðstæður eins og í Hítardal eru áhrif holrýmis (vatnsinnihalds) mest.

Sumarið 1981 voru gerðar 3 viðnámsmælingar í Hítardal og gefa þær upplýsingar um eðlisviðnám jarðlaga niður á 1000-1500 m dýpi. Lega mælinganna er sýnd á mynd 1. Mæling MH-2 var sett niður á milli bæjanna Hítardals og Helgastaða til að kanna vatnsinnihald jarðlaga við upptök Tálma. MH-3 var sett niður skammt frá lindunum í Staðarhrauni til að kanna vatnsinnihald jarðlaga þar. Þá var MH-4 mæld

innarlega í Hítardal til að fá samanburð við aðstæður utan þess svæðis, sem áhugavert var fyrir fiskeldi. Þess ber og að geta að til var í gagnasafni Jarðhitadeilda Orkustofnunar ein mæling, MH-1, sem var mæld utar í hreppnum við bæinn Hamra, árið 1977, og er hún einnig gagnleg sem samanburðarmæling. Mælingarnar liggja allar á norðaustlægri línu, samsíða strikstefnu.

Allir mæliferlarnir, túlkun þeirra og reiknaðir ferlar sem samsvara túlkuninni eru birtir aftast í greinargerðinni.

Mynd 2 sýnir viðnámssnið byggt á öllu fjórum mælingunum. Lega snið-línunnar er sýnd á mynd 1. Eins og fram kemur í sniðinu er djúpvið-nám hátt eða á bilinu 100-200 Ωm. Þetta verður að teljast dæmigert viðnám í þéttum teríerum basaltstafla. Til samanburðar má geta þess að á jarðhitasvæðunum í innanverðum Borgarfirði mælist djúpviðnám 15-25 Ωm.

Í stuttu máli sagt þá gefa viðnámsmælingarnar enga vísbendingu um nýtanlega jarðhita í Hítardal.

4 NIÐURSTÖÐUR

Ekki er vitað um neinn jarðhita í Hítardal. Berggrunnurinn er mjög gamall og þéttur en mjög brotinn. Brotin eru gömul og þétt af útfellingum. Ekki fundust nein brot sem sjáanlega hafa breytst á nútíma. Viðnámsmælingar benda ekki til mikillar vatnsgengdar né mikils hita í efstu 1000-1200 m í berggrunninum í Hítardal.

Jarðhitadeild telur sáralitlar líkur á því að fá megi heitt vatn með borunum í Hítardal og vill ráða frá því að ráðast í svo kostnaðarsamar framkvæmdir með litla von um ávinning. Verði hins vegar ákveðið að bora er eðlilegast að byrja á því að bora við misgengið vestan við Staðarhraunsbæinn.

HEIMILDASKRÁ

Haukur Jóhannesson 1980: Jarðlagaskipan og þróun rekbelta á Vesturlandi.
Náttúrufræðingurinn, 50: 13-31.

Kristín Vala Ragnarsdóttir 1979: Jarðlagaskipan Fagraskógarfjalls og Vatnshlíðar í Híttardal. B.S.-ritgerð, Verkfræði- og raunvís-indadeild Háskóla Íslands, 83 bls.

Páll Einarsson, F.W. Klein & Sveinbjörn Björnsson 1977: The Borgarfjörður Earthquakes in West Iceland 1974. Bull. Seismol. Soc. Am., 67: 187-208.



HÍTARDALUR

Lega viðnámsmælinga

SKÝRINGAR:

MH-3 VIÐNÁMSMÆLING

VIÐNAMSSNIÐ

A ÓLKELDA



HITARA'

MH-3

STADARHRAUN

GRJÓTA

ALFTA'

MH-1

HAMRAR

MYND: I

0

2

4km

— A' —

JHD-JED 8706 LSG
81.12.1491.6m

-6-



